



Byrjað að grafa fyrir hjúkrunarheimili

Hafinn er uppgröftur vegna fyrirhugaðrar byggingu hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi en málið hefur verið í undirbúningi um alllangt skeið. Danska fyrirtækið Munck Íslandi mun annast um framkvæmdina en það festi kaup á LNS Sögu sem átti lægsta tilboð í verkið og fékk að loknu útboði. Tilboð LNS Sögu hljóðaði upp á tæpan 1,5 milljarð króna.

Um er að ræða nýtt 40 íbúa hjúkrunarheimili á einni hæð að Safnatröð 2 á Seltjarnarnesi. Húsið mun standa saman af fjórum íbúðakjörnum og sameiginlegu miðrýni. Nýja hjúkrunarheimilið mun rísa við Norðurtún þar sem nú heitir Safnatröð. Byggingin verður á einni hæð með góðu aðgengi og þægilegri aðstöðu til útveru. Samkvæmt samningi velferðarráðuneytisins og Seltjarnarnessbæjar sér bæjarfélagið um hönnun og byggingu hjúkrunarheimilisins og leggur til lóð. Bærinn annast jafnframt fjármögnun framkvæmdarinnar en þegar heimilið er fullbúið og verður afhent til notkunar mun velferðarráðuneytið greiða mánaðarlega húsaleigu samkvæmt samningi til fjörtíu ára og reiknast hún sem ígildi stofnframlags samkvæmt lögum um Framkvæmdasjóð aldraðra.



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU

 HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka

 Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eištorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
 RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson
 UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is
 Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Loksins loksins

Loksins loksins. Þessi upphafsorð ritdóms skrifaði Kristján Albertsson sem var þekktur bókmenntagagnrýnandi í blaðið Vöku í tilefni af útkomu sögunnar Vefarinn mikli frá Kasmír eftir Halldór Laxness árið 1927. Þau komu í hugann þegar fregnir bárust af því að farið væri að grafa yfir hjúkrunarheimili á Seltjarnarnesi og áætlanir komnar á blað um frekari framkvæmdir og verklok.

Með þessu má segja að fjögurra áratuga óbyggðagöngu hugmynda um hjúkrunarheimili sé að ljúka. Um fjórir áratugir eru liðnir frá því að Jón Gunnlaugsson læknir sem lengi bjó á Seltjarnarnesi hóf baráttu fyrir því að hjúkrunarheimili rísi í Nesi. Ekki náist máið fram þrátt fyrir stuðning málsmetandi manna á Nesinu á þeim tíma – manna á borð við Magnús Erlendsson, fyrrverandi forseta bæjarstjórnar.

Dr. Gunnlaugur Jónsson guðfræðingur sonur Jóns læknis rifjaði þessa sögu upp í greinarkorni í Nesfréttum á liðnu ári og líkti þessari sögu við sögu hebresku þrælanna sem flúðu Egyptaland forðum undir forystu Móse og voru fjörtíu ár á ferð sinni gegnum óbyggðirnar en sjálfur náði Móse aldrei inn til fyrirheitna landsins. Með þeirri samlikingu var hann að vitna til föðurs síns sem náði ekki að lifa það að dvelja á hjúkrunarheimili á Seltjarnarnesi í elli sinni.

Með síðustu ákvörðunum bæjarstjórnar Seltjarnarness virðist 40 ára þrautaganga þessa máls vera á enda. Full ástæða er til að fagna byggingu hjúkrunarheimilisins í þeirri von að ekkert - hvorki innanbúðar eða utanaðkomandi fái tafið þessa framkvæmt. Loksins loksins er eitthvað að fara að gerast.

Hluti Melabrautar verður endurnýjaður



Framkvæmdir eru af hefjast við Melbraut.

Hluti Melabrautar á milli Bakkavara og Hæðarbrautar verður tekinn til gagngerar endurnýjunar í sumar og er ein stóra framkvæmdin við gatnagerð sem áætlað er að ráðist í á komandi sumri.

Að sögn Gísla Hermannssonar sviðsstjóra umhverfisviðs Seltjarnarnesbæjar verður gatan grafin upp og skipt um kaldvatnsslögn. Þá verða gangstéttir

breikkaðar og ljósastaurar fluttir að lóðamörkum. Verður það gert til þess að auðvelda snjómokstur en ljósastaurar eru oft fyrir snjóruðningstækjum og torvelda umferð þeirra. Gert er ráð fyrir að framkvæmdirnar hefjist 18. apríl eða strax eftir páska. Aðrar framkvæmdir í gatnagerðarmálum verða einkum viðhaldsverkefni þar sem skemmdir í malbiki verða lagaðar.

 HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



 Finndu okkur á Facebook



Flott föt, fyrir flottar konur

belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is 

Við fjölgum hagkvæmum íbúðum



300

ÍBÚÐIR SELDAR

1.300

ÍBÚÐIR Í ÞRÓUN

250

ÍBÚÐIR Á ÁRI

Upphaf fasteignafélag er eitt umsvifamesta fyrirtæki í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á Íslandi. Á næstu fimm árum verða þróaðar og byggðar yfir **1.300 nýjar íbúðir** sem ætlaðar eru litlum og meðalstórum fjölskyldum.

Markmið Upphafs er að byggja yfir **250 hagkvæmar íbúðir** á ári. Við viljum auka framboð á íbúðamarkaði.

Upphaf er í eigu Novus, fagfjárfestastjóðs í rekstri hjá GAMMA Capital Management.



Upphaf

519-3300 | www.upphaf.is
Garðastræti 37, 101 Reykjavík

Nágrannavarsla



Sex innbrot á 14 mánuðum

Samkvæmt gögnum frá lögreglunni hafa verið tilkynnt um sex innbrot á síðustu 14 mánuðum á Seltjarnarnesi, farið var inn í þrjá bíla og þrjú hús. Samkvæmt lögreglunni voru skráð eftir áramót þrjú brot þar sem hlutum var stolið úr ólæstum bifreiðum, segir Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri í spjalli við Nesfréttir.

Fljótlega verður boðað til íbúafundar með lögreglunni til að ræða löggæslumál á Seltjarnarnesi eins og gert var árið 2015 þegar lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins mætti á fundinn. Send verður út tilkynning þegar nær dregur og vonast Ásgerður eftir að sem flestir sjái sér fært að mæta. Fjallað verður m.a. um hvernig hægt sé að draga úr líkum á innbroti. Bent hefur verið á að húsnæði sem stendur autt til lengri tíma getur verið auðvelt skotmark innbrotshjúfa, en þá er hægt að grípa til ýmissa ráðstafana til að draga úr líkum á innbroti. Einnig er gott að geta leitað til nágretta þegar farið er í frí og fá þá til að líta til með húsnæðinu, segir Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.

PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

Nýtt lagnakerfi í Bygggördum



Tillaga að Bygggarðasvæðinu sem kynnt var fyrir nokkrum árum.

Ætlunin er að vinna nýtt deili-skipulag fyrir Bygggarðasvæðið þar sem eldra skipulag er ekki talið henta hugmyndum uppbygg-ingaaðila á svæðinu.

Fyrstu framkvæmdir verða hins vegar við lagnakerfið sem að sögn Gísla Hermannssonar sviðsstjóra umhverfissviðs er lélegt og getur á engan hátt nýst nýbyggingum á

svæðinu. Hann segir að endurnýja þurfi allar stofnlagnir sem aðrar lagnir allt frá Lindarbraut út fyrir Bygggarða. Einnig þarf að huga að lögnum í tengslum við Hjúkrunarheimilið. Gísli segir hugmynd um að starfsmenn Seltjarnarbæjar geti annast þetta verk sjálfir. Það myndi spara bæjarfélaginu kostnað.

Nýr hringstigi upp í stjórnskoðunarturninn

Nú er að ljúka vinnu við uppgang í stjórnskoðunarturninn við Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi en ætlunin er að koma nýjum kíkifyrir í turninum innan tíðar.

Eldri uppgangur var mjög þröngur þannig að smíða varð nýjan stiga. Til þess að gera aðkomu að stjórnskoðunarkíkinum auðveldari var ráðið í smíði á sex metra löngum hringstiga upp í turninn. Með hinum nýja uppgangi verður mun auðveldara að komast að kíkkinum en börn eru tíð á meðal stjórnskoðunargesta.



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stýðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðuskipti
Skiptum um framrúður og önnumst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bit.



Mössun / snyrting á lakki
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkjáþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílinn á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling
Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Bílþvottur / djúphreinsun
Bjódum við upp á almennan bílþvott, djúphreinsun, bön ofl. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / áklæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slittflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 · 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is · www.tjon.is



Systrasamlagið flytur á Óðinsgötu 1

Mikið fjör var við opnun Systrasamlagsins við Óðinsgötu 1 laugardaginn 11. mars, en Systrasamlagið var áður til húsa við Suðurströnd á Seltjarnarnesi. Af því tilefni var efnt til morgundjams í versluninni sjálfri sem er engin venjuleg búð heldur líka lífrænt kaffihús sem selur allt frá jógafatnaði til Flothetta og allt frá látúnsmerkjum og naglalökkum til lífræns macchiato.

Almenn ánægja er með komu nýja Systrasamlagsins í 101 sem þykir sérlega fallega hannað af Unni Sigurðardóttur innanhúshönnuði í samvinnu við þær systur Jóhannu og Guðrúnu Kristjánsdætur.

Hér eru nokkrar ljósmyndir sem m.a. Anna Kristín Þorsteinsdóttir tók frá opnun Systrasamlagsins.



SUMARSTÖRF HJÁ SELTJARNARNESBÆ 2017

Seltjarnarnesbær vill ráða ungt fólk til sumarstarfa 18 ára og eldri (fædd 1999 og eldri). Um er að ræða almenn garðyrkjustörf, verkamannastörf, skapandi sumarstörf og ýmis afleysingastörf. Einnig er auglýst eftir ungmönnum 20 ára og eldri (1997 og eldri) í störf flokkstjóra og leiðbeinenda. Skilyrði fyrir ráðningu er að eiga lögheimili á Seltjarnarnesi. Opnað hefur verið fyrir umsóknir um störf. Sjá nánar á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar.

Umsóknarfrestur er til 31. mars 2017

VINNUSKÓLI 8. – 10. BEKKUR OG 17 ÁRA F. 2000

Vinnutími Vinnuskóla verða 7 stundir á dag, 4 daga vikunnar fyrir umsækjendur sem fæddir eru 2000 og 2001. Vinnutími verða 3,5 stundir á dag, 4 daga vikunnar fyrir umsækjendur sem fæddir eru 2002 og 2003.

Ekki er unnið á föstudögum. Vinnutímabil Vinnuskólans er frá 12. júní til 27. júlí.

Umsóknarfrestur er til 2. maí 2017

Vinnuskólinn verður settur 8. júní kl. 11:00 í Valhúsaskóla

Sótt er um störf á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar, www.seltjarnarnes.is
Nánari upplýsingar eru á heimasíðu og í þjónustuveri Seltjarnarnesbæjar í síma 5959 100.

Candizol®

150 mg

Eitt hylki
– einu sinni
– án lyfseðils



Actavis

HVITA HÚSDI / ACTAVIS 713030

Lionsmenn á Seltjarnarnesi

Merkja merka staði



Félagar í Lionsklúbb Seltjarnarnes hafa verið að setja upp staura og merki á Seltjarnarnesi undanfarin ár þar sem gamlar varir og merkir staðir á Nesinu eru merktir inn. Það eru myndir af fuglum sem prýða merkin og svo upplýsingar um viðkomandi stað, vör eða uppsátur sem er staður sem bátar voru sjósettir og teknir upp í gamla daga. Þegar gengið eða hjólað er göngustíginn sem liggur með sjónum kring um Nesið er hægt að sjá þessa staura þar við.

Fyrsta merkið var sett upp 24. ágúst 1995 og eru þau orðin 32 víðsvegar um Nesið. Staurarnir eru rekaviðarstaurar sem koma víðsvegar af landinu, t.d. Norðan á Skaga, frá Ökrum á Snæfellsnesi og Ófeigsfirði á ströndum. Félagarnir í klúbbnum hafa sótt þennan rekavið. Þessar merkingar eru unnar í samvinnu



við Seltjarnanesbæ, Fuglavinafélagið, Landmælingar, Merkingar ehf og ýmsa fræðimenn. Öll merkin eru mynduð og staðsett með GPS hnitum. Þessar merkingar verða svo aðgengilegar á vef Seltjarnanesbæjar.

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími
511 1188



Það er einfalt að flokka plastumbúðir á Seltjarnarnesi

Pokar fyrir plastumbúðir fást íbúum að kostnaðarlausu í íþróttamiðstöðinni



1 Skolið umbúðir svo ekki komi ólykt við geymslu



2 Stafflið þeim saman svo þær taki minna pláss

3 Setjið umbúðirnar í pokann og bindið fyrir þegar hann er fullur



4 Setjið pokann í gráu tunnuna fyrir almennt sopp



Við flokkum pokana svo frá öðrum heimilisúrgangi í móttökustöð SORPU og komum plastinu í endurvinnslu

Nýjstu fréttir af verkefnum má finna á facebook.com/plastsofnun

SORPA

Tiltekt og snyrting í bæjarfélaginu

Að undanfögnu verði unnið við að taka til á vinnusvæði umhverfisdeildar Seltjarnarnesbæjar við Bygggarða. Gámana sem þar eru hafa verið fluttir til og þeim komið betur fyrir. Ætlunin er síðan að lagfæra útlit þeirra að sögn Gísla Hermannssonar sviðsstjóra umhverfissviðs Seltjarnarnesbæjar.



Frá vinnusvæði umhverfissviðs Seltjarnarnesbæjar þar sem verið er að laga til og snyrta þessa dagana.

Þessa dagana er unnið að undirbúningi þess að ráða sumarstarfsfólk til bæjarins. Steinunn Árnadóttir sér um það eins og áður en sú breyting hefur verið gerð varðandi ráðningarnar að Steinunn sér nú um alla sumarstarfsmenn þjónustumiðstöðvar bæjarins, bæði litlu krakkana sem verða í vinnuskólanum og einnig aðra sumarstarfsmenn hjá þjónustumiðstöðinni. Þá verður vinnutími þannig að flokksstjórar mæta til vinnu kl. átta á morgnana en annað starfsfólk hálfum tíma síðar eða kl. 8.30. Þetta var reynt á síðasta ári og gaf góð raun. Hlutverk vinnuskólans er tvíþætt. Annars vegar að kenna krökkunum að taka til starfa en hins vegar að ljúka ýmsum umhverfisverkefnum – einkum tiltekt og snyrtingu í bænum.

www.borgarblod.is

Leikskóli Seltjarnarness

Innritun fyrir skólaárið 2017-2018



Innritun barna fyrir skólaárið 2017-2018 fer fram í aprilmánuði nk. Til að eiga rétt á leikskóladvöl þarf barn að eiga lögheimili á Seltjarnarnesi. Sækja skal um leikskóladvöl á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is gegnum *Mínar síður*. Mikilvægt er að umsóknir hafi borist **fyrir 31. mars** nk. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða afgreiddar eftir því sem leikskólalátt losnar.

Nánari upplýsingar og aðstoð við innritun veitir Sonja Jónasdóttir í Leikskóla Seltjarnarness í síma 5959287. Fyrirspurnir má einnig senda á sonja@nesid.is og leikskoli@nesid.is

Upplýsingar um Leikskóla Seltjarnarness:

<http://leikskoli.seltjarnarnes.is/>

www.seltjarnarnes.is/thjonusta/menntun/leikskolar/

<http://www.seltjarnarnes.is/thjonusta/menntun/leikskolar/innritunarreglur/>

Skólaskrifstofa Seltjarnarnesbæjar



100% NÆRING  100% HOLLUSTA

VIÐ OPNUM Í SMÁRALIND Í APRÍL

FACEBOOK.COM/
XO VEITINGASTADUR

4,7 ★

tripadvisor

4,5 ★



XO OPNAR Í NORÐURTURNI SMÁRALINDAR Í APRÍL

XO

FUN • FAST • FUSION

NÝR RÉTTUR
PAD THAI
XO STYLE



Viðtal við Jóhann Thoroddsen

Að starfa fyrir Rauða krossinn kennir manni hvað við búum í góðu landi

Jóhann Thoroddsen sálfræðingur spjallar við Nesfréttir að þessu sinni. Jóhann er fæddur í Reykjavík í október 1952 en fluttist ásamt foreldrum sínu á Seltjarnarnes 17 ára gamall og hefur búið þar síðan ef frá eru talin námsár erlendis og nokkur Reykjavíkur- og Akureyrarár. Jóhann hefur einnig farið víða vegna starfa sinna fyrir Rauða krossinn. Ferðasaga hans er of löng og margbreytileg til þess að hún verði skráð í stuttu viðtali en hann féllst á að spjalla um Nesið og grípa niður í starfssögu sína yfir kaffibolla í Bókasafni Seltjarnarness fyrir skömmu.

Fyrst var borðið niður við æskuna á Nesinu. "Ég var orðin það gamall þegar ég flutti á Seltjarnarnes að ég á enga skólasögu þaðan og það setur svolítið mark á kunningjahópinn. Ég var 17 ára þegar foreldrar mínir byggðu sér raðhús við Látraströndina en þau bjuggu áður við Barónsstíginn í gamla Austurbænum í Reykjavík. Ég var því búinn með grunnskólann þegar við fluttum og tengdist ungmennum á Nesinu mun minna en krakkar sem nutu skólalögna í Mýró og Való. Ég gekk í Austurbæjarskólann og átti æskuárin í umhverfinu austan í Skólavörðuholtinu. Ég var kominn í Menntaskólann við Tjörnina sem síðar varð Menntaskólinn við Sund og lauk stúdentsprófi þaðan 1974." Og þá tók sálfræðin við. "Já ég fór í sálfræði við Háskóla Íslands og lauk BA-prófi þaðan 1977 og MA-prófi í sálfræði frá Háskólanum í Gautaborg í Svíþjóð 1981."

Kyntist fullorna fólkinu meira

Jóhann segist af þessum sökum fremur hafa kynnst fullorðna fólkinu á Seltjarnarnesi meira en krökkum og ungmennum. „Þetta kom af sjálfu sér. Maður var búinn með bernskuna og eignaðist því meiri félagsskap í þeim sem eldri voru. Eitt af því sem varð til þess er að ég gekk snemma í leikfélagið á Seltjarnarnesi og var fljótlega valinn í stjórn þess. Þetta var á blómatíma í starfi þess og í félaginu kynntist ég mörgu mjög góðu fólki sem var til í að hafa strákinn með. Við settum t.d. barnaleikritið Gosa á svið og í því lék ég Eldibrand sem var einn af vondu köllunum. Við settum líka upp verk fyrir fullorðna og ég man til dæmis eftir Sköllóttu söngkonunni eftir rúmenska leikskáldið Eugéne



Jóhann Thoroddsen ásamt túlknum sínum í Kabúl.

Ionesco sem var einn af frumkvöðlum absúrd leikhússins í Evrópu og síðan Jódílif eftir Odd Björnsson sem gerðist í móðurkviði þar sem uppaxandi tvíburar voru að búa sig undir að koma út í veröldina. Leikfélagið gerði fleira en að sviðsetja þekkt leikhúsværk. Það var vinsælt að fá einhverja féлага þess til þess að vera með sýningar eða uppistand á samkomum á Nesinu - til dæmis á Þjóðhátíðardaginn 17. júní og á þorablótum svo dæmi séu tekin."

Fólk þekktist og talaðist við á förnun vegi

En hvernig var fyrir miðborgarungmennu að fara úr margmenninu út á Seltjarnarnes á þessum árum. "Það var ótrúlega gaman að flytja á Nesið. Þá var minni byggð kominn á Seltjarnarnes miðað við það sem er í dag. Svæðið í kringum Valhúsarhæðina var að mestu óbyggt og svo túnin í kringum Nýjabæ allt út að Gróttu. Það var ákveðinn þorpsbragur yfir byggðinni og í mannflínu. Fólk þekktist og talaðist við á förnun vegi þetta var á ýmsan hátt mikið frjálsara umhverfi en í miðborginni sem oftast er kennd við póstnúmerið 101 á síðari árum. Mér leið strax vel á Nesinu og það varð til þess að ég hélt áfram að búa þar eftir að ég stofnaði sjálfur til fjölskyldu. Konan mín heitir Katla Kristvinsdóttir og er iðjubjálfi. Við eigum þrjú börn, Dröfn, Jökul og Silju og þau eru öll alin upp á Seltjarnarnesi. Þau fóru ekki mikið niður í bæ á unglingsárunum en héldu sig mest hér vestra.

Mér finnst eima sterkt eftir af þessum þorpsbrag á Seltjarnarnesi. Fólk þekktist enn og talast við, stundar áhugamál sín í ýmsum klúbbum og félögum. Ég syng t.d. í Selkórnum og trimma í Trimmklúbbnum. Þetta kemur líka fram í uppeldismálunum þar sem tekist hefur að ná góðum tókum á uppveiti ungmenna. Óregla og notkun fíkniefna sem vart hafði orðið við á tímabili er nánast engin hjá grunnskólanemum lengur. Svo má einnig nefna samstarf heimila og skóla og þá góðu útkomu nemenda af Nesinu í könnunum á borð við PISA."

Góður tími á Akureyri

En svo lá leið Jóhanns út í heim. „Já - eftir að ég lauk BA prófinu við Háskóla Íslands þá hugði ég á framhald. Ég var búinn að kynnastrá konu minni og við ákváðum að halda til Svíþjóðar - til Gautaborgar þar sem við bjuggum í fimm ár og við lukum okkar námi. Eftir heimkomuna fór ég að vinna hjá Styrktarfélagi vangefinna eins og það hét á þeim tíma. Fljótlega fékk ég símtal norðan frá Akureyri og mér boðin staða sálfræðing hjá Fræðsluskristofu Akureyrar. Við ákváðum að slá til og gefa landsbyggðinni tækifæri. Ég starfaði þar í nokkur ár. Vann með einum fjórum fræðslustjórum að því mig minnir. Þetta var góður tími og lærdómsríkur fyrir fjölskylduna. Við kunnum vel við okkur og eignuðust líka góða kunningja fyrir norðan sem við hittum enn.

Mikil breyting á málefnum fatlaðra

„En það var aldrei ætlunin að ílengjast á Akureyri,“ heldur Jóhann áfram, „og að því kom að við komum suður. Ég fór að vinna á fræðsluskristofu Reykjavíkur og var þar í eitt ár og síðan var ég hjá Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Reykjanesi um tíma. Eftir það lá leiðin til Leikskóla Reykjavíkur þar sem ég varð yfirmaður á ráðgjafadeildinni. Á þeim tíma sem ég starfaði að málefnum fatlaðra var mikil breyting að eiga sér stað á aðbúnaði þeirra. Búsetuformið var að breytast, fólk að flytjast af stóru stofnunum í sambýliskjarna og íbúðir. Þetta var því áhugaverður tími og gaman að hafa fengið tækifæri til þess að taka þátt í þessu. Eftir þetta starfaði ég um tíma hjá SÁÁ en fór svo yfir til Rauða krossins.“

Íran er á miklu jarðskjálftasvæði

Jóhann segist ekki sjá eftir því að hafa farið að vinna fyrir Rauða krossinn en á vegum hans hefur hann farið nokkuð víða og kynnst ýmsum hliðum mannlífsins sem við höfum ekki daglega fyrir augum. „Ég byrjaði að starfa þar á árinu 2001 og kynntist fljótt því mikla starfi sem unnið er að á vegum félagsins jafnt innanlands sem utan. Hér heima sá ég um allt sem snéri að sálrænum stuðningi hjá Rauða krossinum. Ég stjórnaði áfallateymi félagsins, sá um gerð þæklinga og annars fræðsluefnis, hélt fyrirlestra og sá um þjálfun sjálfböðaliða í sálrænum stuðningi. Eins varð ég sendifulltrúi fyrir félagið. Og þá hófs flakkið ef svo má segja því neyðin er víða. Ég var sendur til Íran - ekki vegna stríðsátakanna þar heldur vegna jarðskjálfta. Þetta var á árunum 2003 til 2004 og ég fór ásamt fleirum til borgar sem hafði geryeyðilagst í jarðskjálfta. Um 97% af henni var horfin í bókstaflegri merkingu. Íran er mikið jarðskjálftaland vegna þess að þar eru flekar að ganga saman - ryðjast á móti hver öðrum og þar geta orðið miklir árekstrar í jarðskorpunni með tilheyrandi afleiðingum á yfirborði hennar. Þetta var afskaplega lærdómsríkt verkefni. Síðan hef ég farið í mislangar ferðir þar sem verk-efni mitt hefur einkum verið að halda námskeið og veita fræðslu. Ég hef m.a. farið til allra



Jóhann ásamt nemendahóp á námskeiði hjá honum í Georgíu.

Eystrasaltslandanna, Georgíu og Armeníu og tvisvar til þeirrar hrjáðu borgar Kabúl í Afganistan. Þar var ég að þjálfa starfsfólk sem vinnur á Ali Abad Orotopedic Centre, sem er stór endurhæfingarmiðstöð fyrir fólk sem misst hefur útlími. Í Afganistan er mikið um fólk sem misst hefur útlími vegna stríðsins m.a. vegna jarðsprengja sem þar eru nánast á hverju horni eftir 30 ára stríðsátök. Afganistan er land sem segja má að liggja í klemmu en það á landamæri að sex löndum og langt í frá að alls staðar hafi verið friðvænlegt á þessu svæði í áratugi.“

Ekki sjálfbært samfélag á Haítí

Jóhann kom líka að hjálparverkefnum á Haítí eftir mikla jarðskjálfta sem þar urðu 2010. Haítí er ótrúlegt land að koma til. Eyjan er græn öðrum megin þar sem Dómíníkaníska lýðveldið er, en grá hinum megin þar sem Haítí er. Þetta er vegna þess að þar er búið að höggva allan skóg Haítí megin og jarðvegur takmarkaður. Á eyjunni getur hins vegar nær allt vaxið sem vaxið getur á jörðinni en engu að síður er samfélagið á Haítí ekki sjálfbært. Þar hefur verið framið mikið arðrán í gegnum tíðina og spilltar stjórnir farið með völdin. Francois Duvalier eða Papa Dog eins og hann var jafnan kallaður stjórnaði þar með harðri hendi og síðan sonur hans Jan-Claude eða Baby Dog þar til hann var hrakinn frá völdum 1986. En þótt Duvalier ættin hafi horfið af valdastólunum hefur ekki tekist að byggja sjálfbært samfélag upp.“ Verkefnið að byggja Haítí upp eftir jarðskjálftana var eitt af því erfiðasta sem Alþjóða Rauði krossinn hefur tekið að sér. Þar kom margt til eins og mjög mikil eyðilegging, mikið mannfall, spilling, gríðarleg fátækt og Rauða kross landsfélag sem var mjög veikt.

Þetta starf kennir manni hvað við búum í góðu landi

Jóhann segir að það sé mjög lærdómsríkt að koma til landa þar sem mikil neyð er til staðar. „Það getur verið erfitt fyrir fólk sem lifir við allt

önnur skilyrði að skylja hvað liggja að baki og óþægilegt að upplifa þessar staðreyndir. En þetta kennir manni líka að við búum við gott atlati hér á Íslandi. Nú stendur til ein ferðin enn og það er til Úganda. Í norðurhéruðum landsins er mikið af flóttafólki frá suður Súdan og margar flóttamannabúðir með allt upp í 250 þúsund manns í einum búðum. Íbúar suður Súdan lifa við skelfilega upplausn, stöðug átök stríðandi fylkinga og hungursneyð. Ég hef verið að kynna mér þetta í tengslum við þessa ferð og ljóst er að þessi gríðarlegi flóttamanna straumur yfir til Úganda skapar mikinn vanda sem verður að taka á. Ætlunin er að vinna með starfsfólki og sjálfbóðaliðum Rauða krossins sem er að störfum nútt sem dag í flóttamannabúðunum. Það þarf að búa til verkferla, fræða um áföll og afleiðingar þeirra, til þess að vera betur í stakk búin til að styðja flóttafólkið, auk þess að kenna starfsfólkinu og sjálfbóðaliðunum hvernig best er að hlúa að sjálfu sér.“

Kóleran er hættuleg en auðveld að lækna

En hvernig er með tungumál þegar erlendir aðilar á borð við Norðurlandabúa fara inn á þessu fjarlægju svið. Er ekki hættu á samskiptavandamálum þar sem fólk talar ef til vill engu. „Það er alltaf hættu á því ef unnið er í gegnum túlka. Í Úganda er töluð enska að nokkru leyti þannig að það verður ekki vandamál. Á Asíusvæðunum til dæmis í Afganistan og einnig í Íran þarf allt að fara í gegnum túlka þar sem tungumálið er annars vegar arabíska og hins vegar persneska. Það er því mikið mál að finna hæfa túlka. Hvað varðar árangur af starfinu sér maður oft skjót umskipti og oft þarf ekki mikið til. Eitt af því er t.d. að auka hreinlæti meðal innfæddra. Kólera er til dæmis engin drepsótt. Hún einkennist af niðurgang og uppköstum, loks ofþornun, krömpum og dauða. Það er hægt að koma að verulegu leyti í veg fyrir kóleru með auknu hreinlæti og aðgengi að hreinu vatni. Sjúklingum gefin ákveðin vatnsblanda sem inniheldur sólt og það bjargar þeim. En það er líka fróðlegt að kynna fólk



Jóhann við hjálparstarfi á Haítí.

og fara inn í menningu þessara landa sem getur verið mjög mismunandi. Það er fróðlegt og lærdómsríkt að t.d. vera boðinn í mat inn á heimili í öðrum menningarheimi og kynna stöðum og venjum þar sem geta verið af allt öðrum toga en hér heima.“

Áfallastreituröskun er kvíðasjúkdómur

Jóhann hefur einnig fengist við að kenna og veita áfallahjálpar. Þetta hugtak varð til hér heima eftir snjóflóðin fyrir vestan 1995. En hvað felst í raun á bak við þetta hugtak. „Það er kannski von að þú spyrjir. Það er mikið rætt um áfallahjálpar en ef til vill minna um hvað hún snýst annað en að styrkja fólk og styðja sem orðið hefur fyrir áföllum í lífi sínu. Það er kannski best að byrja á því að segja að áfallahjálpar er engin töfralausn. Það er engin ein lausn til sem gengur fyrir alla og aðstæður geta líka verið svo mismunandi. Áföll skapa uppnám og viðbrögðin verða eftir því. Áfallahjálpar reynir að mæta fólki þar sem það er stöð í kjölfar áfalls. Öll viðbrögð eru einstaklingsbundin og eins eru atburðirnir margvíslegir. Það sem gert er m.a. er að veita upplýsingar, draga úr uppnámi, efla öryggi, veita hagnýtan stuðning og viðhalda von. Það er mikilvægt að draga úr uppnámi svo viðkomandi geti sem fyrst náð stjórn á eigin ástandi. Í kjölfar áfalla getur fólk þróað með sér það sem við köllum áfallastreituröskun og er í rauninni kvíðasjúkdómur. Slíkt er hins vegar ekki greitt fyrir en eftir 6 til 8 vikur frá atburði. Í langflestum tilfellum vinnur fólk sig sjálf út úr áfallinu með aðstoð sinna nánustu. Ef hins vegar betri liðan lætur á sér standa er sjálfsagt að leita til sérfræðinga. Þeir sem sinna áfallahjálpar vinna oftast eftir ákveðnum ferlum sem hafa verið gagnreyndir og gefið góðan árangur. Í þessu starfi er mikilvægt að sýna yfirvegum, ræða við fólk og leita leiða til þess að róa það og finna hagnýtar lausnir.“

Jarðskjálftar og Eyjafjallajökulsgos á Suðurlandi

Jóhann segir sem dæmi að ýmsir

hafi orðið fyrir áföllum á Suðurlandi bæði þegar jarðskjálftinn reið yfir á þjóðhátíðardaginn árið 2000 og einnig 2008 og svo má nefna Eyjafjallajökulsgosið sem enn eitt dæmið um það þegar þegar ótti og kvíði tók fólk föstum tökum. Ég var að vinna á vegum Rauða krossins í öllum þessum tilfellum. Sem dæmi um ógn má segja að gosið í Eyjafjallajökli hafi verið býsna ógnvekjandi vegna öskunnar hún var alls staðar. Það „rigndi“ sandi og þú sást ekki handa þinna skil. Hún var í öndunarfærunum og það var kæfandi. Það var því skiljanlegt að bændur á svæðinu hefðu áhyggjur og ættu oft á tíðum erfitt. Eitt af þeim úrræðum sem Rauði krossinn tók þátt í var að koma upp s.k. þjónustumiðstöð fyrir svæðið. Fólki úr sveitunum kom í hádeginu og gat fengið að borða og þarna dreifðum við öllum upplýsingum sem við höfðum undir höndum. Eins varð þetta sá staður sem fjölmiðlafólk gat komið á og aflað fréttu.“

Sálfræðingar Höfðabakka og Ísafjörður

Jóhann er hluti af Sálfræðingum Höfðabakka. Hvernig kom það til. „Þetta byrjaði með því að fyrir fjórum árum vorum við nokkrir sálfræðingar sem voru á hrakhólum með húsnæði. Okkur langaði líka til að vinna saman, veita góða þjónustu í góðu umhverfi og gera þetta með stæl. Við tókum því á leigu um 700 fm. húsnæði sem við skiptum upp í 16 herbergi, sal og eldhús. Við réðum tvo ritara og framkvæmdastjóra, leigðum þau herbergi sem við nýttum ekki sjálf og opnuðum stærstu sálfræðistofu á landinu. Í dag eru við 21 sem störfum þarna og þetta gengur alveg ljómandi. Þarna starfa ég við almenn sálfræðistörf í dag þótt ég taki að mér ýmis verkefni fyrir utan. Eitt af því er að sinna sálfræðipjónustu á Ísafirði sem mér finnst bæði áhugavert og ánægjulegt. Ég fer vestur þriðju hverja viku og er því búinn að kynna bæði flugleiðinni og landleiðinni nokkuð vel því veður eru oft válynd og ekki alltaf gefið að maður komist,“ segir Jóhann að lokum.

Börn sem fermast í Seltjarnarneskirkju vorið 2017

19. mars kl. 11

Prestur: Sr. Bjarni Þór Bjarnason
Jóna Margrét Guðjónsdóttir

9. apríl kl. 13

Prestur: sr. Bjarni Þór Bjarnason.
Anna Lovísa Sandahl Davíðsdóttir
Elísa Þórhildur Kristgeirsdóttir
Hrafnhildur Hekla Grímsdóttir
Júlía Óskarsdóttir
María Lovísa Jónasdóttir
Margrét Birta Björgúlfsdóttir
Thelma Rut Elíasdóttir
Benedikt Arnar Davíðsson
Björn Freyr Nielsen
Daníel Ólafur Spanó Stefánsson
Grímur Ingi Jakobsson
Guðmundur Ingi Friðbjólfsson
Hallgrímur Haraldsson
Krummi Kaldal Jóhannsson
Mikael Magnús Daðason
Rafn Ágúst Ragnarsson
Stefán Árni Gylfason

20. apríl (sumardagurinn fyrsti) kl. 11

Prestur: sr. Bjarni Þór Bjarnason.
Andrea Irina Denisdóttir
Anna Zhu Ragnarsdóttir
Auður Halla Rögnvaldsdóttir
Eva Hjálmarsdóttir
Katrín Anna Karlsdóttir
Jenny Guðmundsdóttir

Margrét Rán Rúnarsdóttir
Daníel Ingi Arason
Davíð Helgason
Eðvald Þór Stefánsson
Hannes Ísberg Gunnarsson
Haraldur Þórarinnsson
Ingi Hrafn Guðbrandsson
Ingi Hrafn Gylfason
Kjartan Kári Halldórsson
Lárus Karl Arnbjarnarson
Magnús Björn Hallgrímsson
Pétur Arnar Pétursson
Orri Steinn Óskarsson

23. apríl kl. 13

Prestur: sr. Bjarni Þór Bjarnason.
Arna Diljá Guðjónsdóttir
Edda Steingrimsdóttir
Fjóla Guðrún Viðarsdóttir
Karlotta Kara Karlsdóttir
Lovísa Davíðsdóttir Scheving
María Björk Stefánsdóttir
Patricia Dúa Thompson
Selma Katrín Ragnarsdóttir
Dagur Þórisson
Daníel Rafn Einarsson
Elmar Gíslason
Magnús Þór Atlason
Valur Ingi Sigurðsson
Viggó Alexander Ashworth
Þröstur Már Haraldsson Eyvinds

Helgihald fram yfir páska í Seltjarnarneskirkju

26. mars verður annar

fræðslumorgun kl. 10.
Dr. María Ágústsdóttir segir frá
rannsókn sinni á tengslum kristinna
trúfélaga. Guðsþjónusta og
sunnudagaskóli verður kl. 11.

2. apríl verður guðsþjónusta og
sunnudagaskóli kl. 11.

Þorgils Hlynur Þorbergsson,
guðfræðingur, predikar.

9. apríl sem er pálmasonnudagur
verður guðsþjónusta
og sunnudagaskóli kl. 11
og Fermingarmessa kl. 13.

13. apríl sem er skírdagur verður
Guðsþjónusta kl. 11 á vegum
Alþjóðlegs bænadags kvenna
og Samstarfsnefndar kristinna
trúfélaga. Dr. María Ágústsdóttir
predikar. Altarisganga að kvöldi
skírdags kl. 20.



14. apríl sem er föstudagurinn
langi verða passíusálmarnir lesnir.
Lesturinn hefst kl. 13 og lýkur um
kl. 18. Tónlistaratriði verða á milli
lestra.

16. apríl á páskadaginn verður
hátiðarmessa kl. 8 árdegis.
Sr. Hjörtur Pálsson, rithöfundur
og skáld predikar. Boðið verður upp
á veitingar að lokinni messunni.

20. apríl á sumardagurinn fyrsta
verður fermingarmessa kl. 11.

23. apríl verður guðsþjónusta
og sunnudagaskóli kl. 11
og fermingarmessa kl. 13.

Við
sendum
heim!

17" RISA NEW YORK PIZZA

frá
kr. **1.990**



5.14.14.14

JL-HÚSIÐ KRINGLAN SMÁRALIND



Allir Passíusálmarnir lesnir á Föstudaginn langa

Orðin er föst og vinsæl venja að lesa alla 50 Passíusálma séra Hallgríms Péturssonar upp í Seltjarnarneskirkju á Föstudaginn langa, sem nú er 14. apríl. Lesturinn hefst kl. 13 og lýkur um kl. 18. Hópur karla og kvenna á öllum aldri les. Fögur tónlist verður flutt í hléum á milli lestra.

Allir eru velkomnir í kirkjuna til að njóta lestursins og tónlistarinnar á þessum að margra mati mikilvægasta degi kirkjuársins, þegar minnst er krossfestingar Kristis. Fólki getur staldrað við lengur eða skemur eftir því sem hverjum hentar. Kaffiveitingu verða í safnaðarheimili kirkjunnar.

Einstæður snilldarkveðskapur

Passíusálmarnir eru einstæður snilldarkveðskapur hins stórmerka prests sr. Hallgríms Péturssonar sem uppi var á árunum 1614 til 1674, mannsins sem Hallgrímskirkja á Skólavörðuhæð og kirkjur víðar á landinu bera nafn af. Í sálmunum rekur sr. Hallgrímur píslargöngu Kristis, hugleiðir hana. Margir af þeim

lærdómum sem hann dregur af ferli frelsarans eiga fullt og brýnt erindi við þjóð okkar enn í dag. Sálmarnir hafa öldum saman verið í miklu uppáhaldi hjá þjóðinni, fólk margra kynslóða lært suma þeirra utanbókar. Meðal erinda úr Passíusálmunum sem oft eru sungin við messur má nefna t.d. Son Guðs ertu með sanni og Víst ertu, Jesús, kóngur klár. Fyrsti sálmurinn hefst með þeim víðkunnu orðum: Upp, upp mín sál og allt mitt geð.

Prentaðir 100 sinnum

Ekkert rit hefur verið prentað jafnoft á íslensku og eru prentanir nú orðnar 100 talsins, auk þýðinga og útgáfa á fjölda annarra tungumála. Nýverið kom út einstaklega vönduð útgáfa með ítarlegum skýringum Marðar Árnasonar íslenskufræðings. Í fyrra voru 350 ár liðin frá frumútgáfu Passíusálmanna árið 1666 á Hólum. Sóknarnefnd og Listvinafélag Seltjarnarneskirkju (LVS) standa fyrir flutningi Passíusálmanna nú eins og mörg undanfarin ár. Þess er vænst að sem flestir líti inn.

Stuðningsfjölskyldur

Vilt þú eða þið gerast stuðningsfjölskylda?

Við leitum að fólki til að verða stuðningsfjölskylda fyrir 11 ára gamlan, lífsglaðan og skemmtilegan, fatlaðan dreng. Stuðningsfjölskyldan eru helgarforeldrar eina helgi í mánuði.

Þetta er gefandi og fjölbreytilegt verkefni unnið í samráði við okkur á félagsþjónustunni og foreldra drengsins.

Nánari upplýsingar gefa Jódís Bjarnadóttir félagsráðgjafi í síma 5959100 eða

jodisb@seltjarnarnes.is

eða Snorri Aðalsteinsson í

sama símanúmeri

eða á snorri@seltjarnarnes.is



Í traustum höndum á Óðinsgötu 1



MANDUKA skara fram úr!

PRO, PROlite eKO, eKOLite, eKO fisléttar og fylgihlutir.



NÝTT. Látúns lyklakippur

Feminist, Dude, Vibes og Boss.



DRAUMA-SAMFESTINGURINN!

2 litir, 2 snið – allar stærðir

Lífræn, sterk "Fair Trade" bómull.



HUGLEIÐSLA ÁRSINS ER FLOT!

Förum dýpra inni í slökun og hugleiðslu. Flothettan nú fánlegum í fjórum litum/munstrum:

Blá Svört

Blá munstruð eftir Sigga Eggerts
Blá munstruð eftir Sigga Odds

Verð: 16.400 kr.

Líka í netsölu á www.systrasamlagid.is

ÓÐINGÖTU 1, REYKJAVÍK

Ný heimasíða: www.systrasamlagid.is
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Mán. - fös.: 9 - 18.
Laugardagar: 10 - 16.

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Félagsstarfið hefur verið nokkuð viðburðaríkt síðustu daga og vikur. Um miðjan febrúar var Gaman saman kvöld í salnum á Skólabraut. Góðar veitingar, Geir Ólafsson og Svenni nikkari. Ágætis skemmtun og mikið dansað. Varðan, kvennadeild slysavarnafélagsins var með sitt árlega spilakvöld í salnum á Skólabraut 23. febrúar sl. Þar sem eldri borgurum er boðið til þátttöku. Þátttakan var mjög góð og kvöldið skemmtilegt. Félagskonur buðu upp á glæsilegt kaffimeðlæti ásamt því að þær sköfðu vinninga. Sendum við okkar bestu þakki til þeirra fyrir ánægjulega kvöldstund.

Miðvikudaginn 8. mars var farin „Óvissuferð“ en þá fórum við í Hörpuna þar sem boðið var upp á leiðsögn um það frábæra hús. Eftir góða skoðunarferð undir stjórn Elsu Waage fórum við á glæsilegan veitingastað Ský sem staðsettur er í Central Hotel, Ingólfsstræti 1. Þar var tekið á móti hópnum með kaffi og glæsilegu meðlæti. Þátttakendur nutu útsýnisins í veðurblíðunni og dagsins í heild en hann heppnaðist mjög vel í alla staði. Fimmtudaginn 9. mars var svo bingíóð okkar góða í boði Nesklúbbsins í Golfskálanum.

Þegar þessar línur eru skrifaðar 13. mars þá er ýmislegt framundan. Þann 14. mars ætla Lions að standa fyrir félagsvist í salnum á Skólabraut en það er árvissat hjá þeim herraönnum að bjóða eldri bæjarbúum í félagsvist.

16. mars verður svo farið að sjá Ellý í Borgarleikhúsinu, en það er leikverk um söngferil og ævi Ellýar Vilhjálms.

Þriðjudaginn 4. apríl ætlum við svo í aðra „Óvissuferð“. Að þessu sinni leitum við ekk langt því við ætlum að heimsækja sjónvarpsstöðina Hringbraut og fara svo á Örnú kaffihús en báðir þessir staðir eru í okkar næsta nágrenni. Til stendur að fara gangandi fyrir þá sem það geta, aðrir verða keyrðir fram og til baka. Það eru allir velkomnir, en ágætt að skrá þátttöku til að hafa c.a. fjölda. Betur auglýst þegar nær dregur.

Mánudaginn 10. apríl verður svo páskaeggjábíngó í safnaðarheimili kirkjunnar kl. 20.00 og er fólk hvatt til að taka með sér gesti. Fimmtudaginn 27. apríl verður svo vorfagnaður í salnum á Skólabraut. Þá fáum við Grillvagninn í heimsókn og borðum saman góðan mat og nótum samveru í söng og dansi. (Skráning).

Aðrir dagskrárliðir skv. dagskrárblaði en þó er vert að minna á:

Söngstundina alla föstudaga í salnum á Skólabraut kl. 13.00

Handvinnuna alla mánudaga og miðvikudaga í salnum á Skólabraut kl. 13.00.

Kaffikrókur er alla daga í króknum á Skólabraut kl. 10.30.

Pútt í Risinu á Eiðistorgi alla þriðjudaga kl. 10.30.

Botsía alla miðvikudaga í Gróttusal kl. 10.00.

Jóga í salnum á Skólabraut mánudaga, fimmtudaga og föstudaga kl. 11.00.

Vatnsleikfimi í sundlaug Seltjarnarness mánudaga og miðvikudaga kl. 18.30, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 07.30.

Timburmennina á þriðjudögum í Valhúsaskóla kl. 13.00.

Billjardinn á mánudögum og fimmtudögum í Selinu kl. 10.00 og karlakaffið í safnaðarheimilinu alla þriðjudaga og fimmtudaga kl. 14.00.

Félagsvist fyrsta fimmtudag í mánuði og bingó annan fimmtudag í mánuði.

Helgistund á Skólabraut annan þriðjudag í mánuði kl. 13.30 og helgistund, dagskrá og veitingar þriðja fimmtudag í mánuði kl. 14.00.

Eins og sjá má á ofangreindu þá er ýmislegt í boði í félagsstarfi eldri borgara hér á Nesinu og allir sem áhuga hafa ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Allar nánari upplýsingar um starfið liggja frammi í félagsaðstöðunni á Skólabraut en þangað eru allir velkomnir. Einnig er hægt að fá allar upplýsingar hjá Kristínu í síma 893 9800.

UMHVERFISHORNIÐ

Fugl mánaðarins - Tildra

Tildra er fremur lítill, sterkbyggður og kvikur fjöruflug. Hún er skrautleg í sumarbúningi, en grárri og litdaufari á veturna. Tildran sést allt árið á Seltjarnarnesi, en mest er af henni á fartíma, þegar fuglar á leið milli varpstöðva á Grænlandi og Norðaustur-Kanada og vetrarstöðva í Vestur-Evrópu suður til Vestur-Afríku hafa hér viðdvöl. Tildrur sjást bæði í fjörum og við Bakkatjörn. Vorfarið er frá því snemma í apríl og út maí, þá sést venjulega mest af henni, stundum yfir 200 fuglar. Haustfarið er frá miðjum júlí og fram í september. Tildran dregur nafn sitt á mörgum tungumálum af því háttalagi að velta við steinum og þangi í fjörunni í leit að æti. Á síðustu árum hafa tildrur sótt í brauð, sem fuglum er gefið við Bakkatjörn.



Heimild: Jóhann Óli Hilmarsson.

Skýrsla um stöðu og stefnu í loftslagsmálum

Björt Ólafsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra hefur lagt fram skýrslu fyrir Alþingi um stöðu og stefnu í loftslagsmálum. Tilgangur skýrslunnar er að draga saman nýjustu og bestu upplýsingar um stöðuna í loftslagsmálum og að skapa umræðu um næstu skref í þeim efnunum.



Í skýrslunni er farið yfir alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum, sem er að finna í Kýótóbókuninni og Parísarsamningnum, auk Evrópureglna á grunni EES-samningsins. Ísland hefur tilkynnt sitt framlag til Parísarsamningsins um að vera með í sameiginlegu markmiði 30 ríkja (Íslands, Noregs og 28 ríkja ESB) um 40% minnkun losunar til 2030 miðað við 1990. Farið er yfir stöðuna varðandi losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi og spár fram til 2030. Sagt er frá niðurstöðum í nýrri skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, þar sem spáð er verulegri aukningu í losun til 2030. Þar segir einnig að Ísland muni ekki standa við sín markmið í Kýótóbókuninni fyrir árið 2020 og Parísarsamningnum árið 2030 að óbreyttri þróun.

Einnig er í skýrslunni yfirlit yfir aðgerðir stjórnvalda til þessa og umfjöllun um væntanlega nýja stefnumótun og aðgerðaáætlun. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að gerð verði aðgerðaáætlun í loftslagsmálum í samræmi við Parísarsamninginn, sem feli í sér m.a. græna hvata, skógrækt, landgræðslu og orkuskipti í samgöngum. Fjallað er nánar í skýrslunni um hvernig slík áætlun geti verið byggð upp, en hún mun ekki síst fjalla um hvernig hægt verði að standa við töluleg markmið Íslands til 2030. Einnig segir að stefnt sé að gerð vegvísar um langtímasýn í loftslagsmálum, þar sem m.a. verði skoðað hvenær og hvernig verði hægt að ná kolefnishlutleysi á Íslandi.

Í skýrslunni er umfjöllun um lykilkætti til að ná árangri við að draga úr losun og efla kolefnisbindingu, fjármögnun verkefna og samvinnu og samstarf aðila innan og utan stjórnkerfisins. Sett eru fram sex leiðarljós í loftslagsstefnu, sem verði notuð við gerð aðgerðaáætlunar.

Heimild: natturan.is

Skýrsla umhverfis- og auðlindaráðherra um stöðu og stefnu í loftslagsmálum (pdf-skjal)

Margrét Pálsdóttir, formaður umhverfisnefndar.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er



Sverrir Einarsson

www.utforin.is



Kristín Ingólfssdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Seltirningar ánægðastir landsmanna

Á Seltjarnarnesi eru 85% íbúa ánægðir með þjónustu sveitarfélagsins á heildina litið, samkvæmt árlegri þjónustukönnun sem Gallup gerir meðal sveitarfélaga landsins. Þjónusta Seltjarnarness á heildina litið út frá reynslu og álti íbúa nýtur verðskuldaðrar viðurkenningar, en Seltjarnarnesbær fær þar hæstu einkunn af þeim nítján sveitarfélögum sem borin eru saman. Á heildina litið er Seltjarnarnesbær oftast í efsta sæti meðal þessara stærstu bæjarfélaga landsins eða í helmingi spurninganna sem lagðar voru fyrir viðhorfahópinn. Þessi jákvæða niðurstaða undirstrikar jákvætt viðhorf bæjarbúa til samfélagsþjónustunnar og er starfsfólki og stjórnendum bæjarins hvatning til að halda áfram á sömu braut.

Ánægja barna- og fjölskyldufólks eykst

Bærinn fær hæstu einkunn meðal þeirra nítján bæjarfélaga landsins, sem könnunin nær til, þegar kemur að þjónustu við barnafjölskyldur í sveitarfélaginu. Það sama er upp á teningnum þegar spurt er annars vegar um viðhorf bæjarbúa til þjónustu grunnskóla bæjarins og hins vegar um þjónustu við leikskólann. Ánægjan með leikskólann fer sívaxandi og eru 90% aðspurðra ánægðir með hann. Seltjarnarnesbær hefur lagt áherslu á að vera

leiðandi í skóla-, æskulýðs- og íþróttastarfi á landsvísi. Það hefur lagt metnað í jöfn tækifæri fyrir alla og samhlíða stuðlað að bættum árangri og vellíðan skólabarna. Niðurstöður könnunar Gallups staðfesta að þau eftirsóknarverðu markmið eru að bera árangur.

Gæði umhverfis í hávegum haft

Það kemur ef til vill ekki á óvart en Seltjarnarnesbær er efst stiga meðal sveitarfélaganna þegar kemur að þjónustu í tengslum við sorphirðu. Enn fremur eru 88% íbúa eru ánægðir með gæði umhverfis í nágrenni við heimil sitt.

Menningarlífið í blóma

Íbúar Seltjarnarness taka virkan þátt í menningarlífi bæjarins og gefa því háa einkunn. Aukin áhersla hefur verið lögð á þann málaflokk undanfarnin ár með jákvæðum árangri, enda skipa menningarmálin annað sæti úttektarinnar.

Eldri borgarar una hag sínum vel

Ánægja eldri Seltirninga með þjónustu bæjarins mælist áfram há og er Seltjarnarnesbær þar í öðru sæti á landsvísi. Niðurstaðan endurspeglar festu í stjórnun þessa málaflokks en mikið kapp hefur verið lagt á að skipuleggja nærþjónustu við aldraða í samráði við þá sjálfa

með það að markmiði að þeir eigi þess kost að búa sem lengst á eigin heimili. Það samræmist einnig yfirlýstri stefnu félagsamtaka eldri borgara.



Ásgerður Halldórsdóttir.

Aðstaða til íþróttaiðkunar fyrsta flokks

Ánægja bæjarbúa á Seltjarnarnesi helst áfram í toppsæti þegar kemur að aðstöðu til íþróttaiðkunar í sveitarfélaginu, en þar lýstu 86% aðspurðra sig ánægða með aðstöðuna.

Gott samstarf, betra samfélag

Bæjarstjórn og starfsmenn bæjarfélagsins leggja sig fram um að hlusta eftir hvaða þjónusta skiptir máli fyrir bæjarbúa og hefur sú stefna skilað bæjarfélaginu fyrsta sæti þegar kemur að spurningunni um þjónustustig bæjarins. Að baki þeirri aðferðafræði liggur sú sannfæring stjórnenda bæjarins að fyrirmyndar samstarf skili sér í betra samfélagi og hagkvæmari rekstri.

Ásgerður Halldórsdóttir,
bæjarstjóri Seltjarnarness

Borgarlínan til kynningar

Borgarlína sem er hryggstykki í nýju svæðaskipulagi höfuðborgarsvæðisins er til kynningar og verður fram til 25. apríl n.k. Athugasemdir og ábendingar verða að vera skriflegar og þurfa að berast skrifstofu SSH eða á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags.

Borgarlína er samgönguæð sem tengja á allt höfuðborgarsvæðið saman. Tilgangur línunnar er að flytja farþega með skjótum og öruggum hætti um höfuðborgarsvæðið eins og til og frá vinnu og skólum. Gert er ráð fyrir að lína byggist á leiðum vagna þar sem engin önnur umferð er til trafala og jafnvel að léttlestar verði notaðar að einhverju leyti þótt um það hafa ekki verið teknar ákvarðanir. Ljóst þykir að fjölgun fólks á höfuðborgarsvæðinu og þétting byggðar kallar á nýjar áskoranir í samgöngumálum þar sem hlutur virkra almenningsamganga verður aukinn.

www.systrasamlagid.is

Íslenskt fjölskyldufyrirtæki og framleiðsla síðan 1964

TE & KAFFI

MIKILVÆGASTI VEISLUGESTURINN

TE & KAFFI NOTAR EINGÖNGU ÚRVALS KAFFIBAUNIR FRÁ BESTU RÆKTUNARSVÆÐUNUM, SÉRVALDAR OG BRENNDAR AF BRENNSLUMEISTARA.

ROMA
7 7 6 6
HANDBRAGD MEISTARANS

GRAGE
BRANS
Brennslumeistara

BAUHIR
TE & KAFFI
AMERICA RAINFOREST
8 5 5 4

HALAD
TE & KAFFI
JAVA MOKKA

HALAD
TE & KAFFI
AFRICA WILDBORN



Ljóminn færir Gróttu veglega peningagjöf



Á dögunum færðu nokkrir ungir Gróttumenn félaginu styrk að fjárhæð ein milljón króna. Það var Lífsnautnafélagið Leifur sem færði félaginu þetta fjármagn en hópurinn samanstendur að mestu af drengjum af Seltjarnarnesi sem stunduðu íþróttir í Gróttu á árum áður.

Þetta er fjórða árið í röð sem

þessi hópur færir Gróttu veglega peningagjöf. Fjárhæðin safnaðist á árlegum gamlársgagnaði sem kallast Ljóminn og hefur verið haldinn af hópnum í íþróttamiðstöð Gróttu undanfarin ár. Gróttu þakkar hópnum kærlega fyrir styrkinn sem kemur sér vel á viðburðaríku afmælisári félagsins.

www.grottasport.is



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
13:00 til 15:00.
Fimmtudaga
13:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.
Föstudaga
13:00 til 19:00.
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.
Skólar og sérhópar:
Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.

Meistaraflokkur kvenna í handbolta:

Eiga góða möguleika

Gróttu vann góðan sigur á Haukum í Olís-deild kvenna í handbolta á dögunum, 18-28, á Ásvöllum. Sigurinn er afar mikilvægur hjá Íslandsmeistaraliði Gróttu sem fara fyrir vikið upp í 5. sæti deildarinnar og eiga góða möguleika á að komast í úrslitakeppnina í lok leiktíðar eftir slæma byrjun á tímabilinu.

Gróttukonur hafa unnið fjóra af síðustu fimm leikjum sínum og eru í 5. sæti Olís-deildar kvenna með 17 stig, jafn mörg og ÍBV sem situr í 4. sætinu. Fjögur efstu lið deildarinnar komast í úrslitakeppnina um Íslandsmeistaratitilinn.

Aðeins þrjár umferðir eru eftir af deildarkeppninni en í þeim mætir Gróttu m.a. botnliðunum tveimur, Selfossi og Fylki.



Meistaraflokkur karla í handbolta:

Frábærir sigrar

Þegar þetta er skrifað hefur meistaraflokkur karla í handbolta unnið tvo frábæra sigra fyrst gegn toppliði Hauka og svo vann Gróttu annan frábæran sigur gegn Aftureldingu í Mosfellsbæ, 32:31, í 23. umferð Olís-deildar karla í handbolta.

Gróttu komst með sigrinum upp í 6. sæti og er með 20 stig, tveimur stigum á eftir Val og fjórum stigum frá botninum. Gróttu hefur alls unnið fjóra leiki á þessu ári og stigið stórt skref í áttina að því að bjarga sér frá falli.



GETRAUNANÚMER
GRÓTTU ER
170



LÍKAMI & LÍFSSTÍLL
NÝ VERSLUN
AUSTURSTRÖND 5
SELTJARNARNESI

VIRKIR DAGAR
10:00-18:00

LAUGARDAGA
11:00-14:00

SCI:MX
NUTRITION
ZS ZENSAH
COMPRESSION TECHNOLOGY



Enskukennslu fór fram á vegum Seltjarnarneskirkju í safnaðarheimili kirkjunnar nýverið. Steinunn Einarsdóttir kenndi, en hún var enskukennari í MR í 43 ár. Fólkinu fannst þetta vera mjög skemmtilegt. Enskukennslan fór fram vikulega í fimm vikur í febrúar og mars.



GÓLF- MOTTUR

við innganginn
borga sig

CORAL®

Vörn gegn óhreinindum
og bleytu

KJARAN

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 -18.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinn er Kristján Steingrímur. Hann er fæddur á Akureyri og stundaði nám í myndlist á Akureyri, í Reykjavík og Hamborg. Hann hefur búið á Seltjarnarnesi frá 2002. Kristján hefur unnið að listsköpun og haldið og tekið þátt í fjölda sýninga bæði í söfnum og galleríum, hérlendis sem erlendis. Hann vann að stofnun Listaháskóla Íslands og var deildarforseti þar frá 1999 til 2016. Hann starfar í dag sem myndlistarmaður. Nú stendur yfir sýning á verkum hans í Berg Contemporary við Klapparstíg. Sýningin stendur yfir til 29. apríl.



Uppáhalds vefsíða?

<http://kristjansteingrimur.is>

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?

Ferðina sem ég fæ núna um páskana til Kaliforníu frá konunni.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti?

Nota í innborgun fyrir ferð með Virgin Galactic út í geim og gefa afganginn til góðgerðamála.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?

Stofna sjónlistasafn í hálfbyggðu lækningaminjasafninu og fylla af góðri myndlist og hönnun sem ég myndi fá lánaða hjá einkasöfnunum sem bráðvantar vettvang til að sýna söfnin sín. Svo myndi ég bjóða Dill að flytja Michelin staðinn sinn í húsið. Ef ég hefði aukátíma þá myndi ég láta taka fótboltavöllinn á Valhúsaheð og gera Listigarð Seltjarnarness uppi á hæðinni.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Verða betri listamaður og elda betri mat.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Í fyrri fór ég til New York og Seyðisfjarðar með fjölskyldunni.

Fullt nafn? Kristján Steingrímur Jónsson.

Fæðingardagur og ár? 13.04. 1957.

Starf? Listamaður.

Farartæki? Hyundai jepplingur.

Helstu kostir? Ekki hugmynd, það annarra að meta það.

Eftirlætis matur? Allt sem Hrefna konan mín eldar.

Eftirlætis tónlist? Rokk, blues og barokk.

Eftirlætis íþróttamaður? Karla dóttir mín sem spilar með Gróttu.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Ævintýri eins og Game of Thrones og veðurfréttir.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Tonio Kröger eftir Thomas Mann.

Uppáhalds leikari? Anthony Hopkins.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Danska kvikmyndin Babettes gæstebud.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Á svo fáar að mér finnst best að hvíla mig.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á?

Ég á erfitt með að gera upp á milli allra þeirra fallegu staða sem ég hef komið til um æfina.

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Heiðarleiki og hómur.

Hvern vildir þú helst hitta?

Samuel Beckett. Ég myndi taka Illuga Jökulsson með svo hann gæti tekið viðtalið við Beckett sem hann klúðraði í París 1981. Þess má geta að við þrír eigum sama afmælisdag.

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími:

511 1188

borgarblod@simnet.is



Heitur matur í hádeginu og á kvöldin

Taktu með
eda
BORÐAÐU Á STAÐNUM

flúeru matur



18
2018

KRÆKTU ÞÉR Í

Morgunverð

ÓDÝRARI BIFREIÐASKOÐUN

MORGUNVERÐ GILDA Á ÖLLUM SKOÐUNAR-
STÖÐVUM FRUMHERJA ÚT MARS 2017
VELKOMIN Í SKOÐUNARSTÖÐ FRUMHERJA AÐ HÓLMASLÓÐ 2, GRANDA.



Kl. 8-11
20%
AFSLÁTTUR
GILDIR FYRIR FÓLKSBÍLA
Í EINKAEIGN

MORGUNVERÐ VEITA 20% AFSLÁTT AF SKOÐUNAR-
GJALDI OG GILDA FRÁ 8-11 VIRKA MORGNA.
Á SAMA TÍMA BÝÐST ÞÉR AÐ ÞIGGJA GÆÐA
KAFFIBOLLA OG FRÍTT WIFI Á MEÐAN SKOÐUNIN
FER FRAM.



Frumherji

www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

20
ÁRA
STOFNAÐ 1997